

Náttúrustofa Vestfjarða

Athuganir á fuglalífi í austanverðum Ísafirði

Unnið fyrir Vegagerðina á Ísafirði
v/frummats á umhverfisáhrifum af vegaf framkvæmdum

Þorleifur Eiríksson

Desember 1998

EFNISYFIRLIT

Inngangur	3
Aðferðir.	3
Svæðaskiptingar	3
Yfirlit yfir fuglalíf eftir svæðum.	4
Athuganir á einstökum svæðum.	5
Ytri hluti.	5
Svæði 1. Stika: 10300 – 12200. Laufskálagil að Bólsvík við Laugaból.	5
Svæði 2. Stika: 12200 – 12400. Bólsvík.	5
Svæði 3. Stika: 12400 – 13000. Fyrir neðan Laugaból.	6
Volgar tjarnir fyrir neðan Laugaból.	6
Svæði 4. Stika: 13200 – 13500. Ísaltar tjarnir fyrir innan Laugaból og umhverfi	7
Smádýralíf í Tjörnunum	8
Svæði 5. Stika: 13500 – 13900. Múlaársandur.	9
Svæði 6. Stika: 13900 – 14100. Múlaárós.	9
Innri hluti.	10
Svæði 7. Stika: 20800 – 21300. Gervidalsá og umhverfi.	10
Svæði 8. Stika: 21300 – 22100. Innst í Ísafirði.	10
Svæði 9. Stika: 22100 – 23000. Botn Ísafjarðar.	11
Svæði 10. Stika: 22100 – 23000 Fjörur og ósar Ísafjarðarár.	11
Staða Varpfugla í Ísafirði Gagnagrunnur Náttúrufræðistofnunar Íslands.	12
Umræður.	13
Heimildir	13

INNGANGUR

Fuglalíf í innanverðum Ísafirði í botni Ísafjarðardjúps var kannað með tilliti til áhrifa af breyttri veglínu frá Laufskálagili fyrir utan Laugaból inn fyrir Ísafjarðarbotn.

Svæðið var aðallega kannað með tilliti til varpfugla, en einnig hugað að hugsanlegum áhrifum á farfugla.

Þar sem veglínan liggur nálægt sjó voru fjörur skoðaðar bæði til að meta hugsanlega röskun á fjörunum sem slíkum og hvort það töpuðust svæði sem væru mikilvæg fyrir fugla.

Tjarnir voru skoðaðar sérstaklega út frá sömu forsendum.

AÐFERÐIR

Vettvangskönnun fór fram í byrjun júní (6-12) og síðan í lok ágúst (20). Rætt var við heimamenn þá Jón Guðjónsson á Laugabóli og Ástþór Ágústsson frá Múla til að fá ábendingar um fuglalíf á svæðinu. Auk þess var litið á tjarnir og fjörur við Laugaból og fjörur í Ísafjarðarbotni í ágúst og september til að sjá hvort þar kæmu vaðfuglahópar.

Svæðið er margbreytilegt og fyrirhugaðri veglínu því skipt upp í einsleit svæði til að fá betri mynd af fuglalífinu. Stikunúmer vegagerðarinnar á útsettri veglínu voru notuð til að staðsetja athuganir nákvæmlega.

Hvert svæði var síðan fyrst skoðað í sjónauka til að fá yfirlit yfir fuglategundir og hvar fuglarnir væru áður en þeir væru fældir. Síðan var hvert svæði gengið skipulega. Atferli fugla var skoðað með tilliti til þess hvort þeir yrpu á viðkomandi svæði eða væru þar í fæðuleit, en ekki var leitað að hreiðrum.

Sýni voru tekin úr tjörnum til að kanna smádýralíf.

Fjörur voru skoðaðar, en ekki tekin sýni. Aflað var heimilda um athuganir á fjörum á svæðinu.

SVÆÐASKIPTINGAR

Breytingar á veglínu eru fyrst og fremst frá Laufskálagili að Múlaá (ytri hluti) og frá Gervidalsá inn fyrir botn Ísafjarðar (innri hluti).

Ytri hluta var skipt í sex athugunarsvæði

Svæði 1. Stika: 10300 – 12200. Laufskálagil að Bólsvík við Laugaból.

Svæði 2. Stika: 12200 – 12400. Bólsvík.

Svæði 3. Stika: 12400 – 13000. Fyrir neðan Laugaból.

Svæði 4. Stika: 13200 – 13500. Ísaltar tjarnir fyrir innan Laugaból og umhverfi þeirra.

Svæði 5. Stika: 13500 – 13900. Múlaársandur.

Svæði 6. Stika: 13900 – 14100. Múlaárós.

Innri hluta var skipt í fjögur athugunarsvæðisvæði.

Svæði 7. Stika: 20800 – 21300. Gervidalsá og umhverfi.

Svæði 8. Stika: 21300 – 22100. Innst í Ísafirði.

Svæði 9. Stika: 22100 – 23000. Botn Ísafjarðar.

Svæði 10. Stika: 22100 – 23000 Botn Ísafjarðar, fjörur og ósar Ísafjarðarár.

YFIRLIT YFIR FUGLALÍF EFTIR SVÆÐUM

Alls sáust í 22 tegundir fugla í könnuninni, sem skiptust eftir svæðum eins og sést í eftirfarandi töflu.

Tegund	Latneskt heiti	Svæði	Ytri hluti						Innri hluti				
			1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
Grágæs	<i>Anser anser</i>								x	x			x
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>			x		x			x				
Æðarfugl	<i>Somateria mollisima</i>				x	x			x		x		
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>								x	x			x
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>						x						
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>			x	x	x	x						x
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>				x	x	x			x		x	
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		x	x		x	x						
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>			x		x					x		x
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>			x		x	x						
Hrossagaukur	<i>Galinago galinago</i>										x		
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>			x		x							
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>			x	x	x	x			x	x		x
Óðinshani	<i>Phalaropus obatus</i>						x						
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>										x		
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>						x	x					
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>										x		
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>								x		x		
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>										x		
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		x		x	x	x			x	x		
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		x							x		x	
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>					x							
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		x							x		x	x
	Tegundafjöldi		4	7	6	13	7	5		7	6	4	5

Á yfirlitinu sést að svæði 2 – 5 eru með fjölbreyttasta fuglalíf og sérstaklega svæði 4 og 5, sem eu nátengd svæði.

Áhrif á fuglalíf verður mest á þessum svæðum, sérstaklega á svæði 4, sem eru ísaltar tjarnir og umhverfi þeirra, en það svæði sker sig úr hvað fjölbreytni varðar.

ATHUGANIR Á EINSTÖKUM SVÆÐUM**Svæði 1. Stika: 10300-12200**Laufskálagil að Bólsvík við Laugaból

Þýfðir móar með melaskellum og birkikjarrbrúskum.

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Heiðlóa,	6	x		Þrjú pör
Kría	10+		x	Flugu yfir
Þúfutitlingur	7	x		
Skógarþröstur	6	x		

Það var ekki reynt að meta fjölda þúfutitlinga og nokkrir heyrðust syngja, sem ekki sáust. Kríur flugu yfir, en kríuvarp er á Hvalsnesi (tanganum utan við Bólsvíkina, niður af stiku 12100). Fyrir ofan núverandi veg er mun meira kjarr og þar heyrðist mikið í fuglum.

Áhrif vegalagningar á fuglalíf á þessu svæði eru væntanlega óveruleg.

Svæði 2. Stika: 12200-12400Bólsvík

Fyrirhuguð veglína liggur yfir botn Bólsvíkur þannig að grasbalar við fjöruna og kampur með þaragörðum skaðast, en víkin skaðast sennilega ekki að öðru leyti.

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Heiðlóa	2	x		Par
Lóupræll	2	x		Par
Spói	1		x	Í þaragarðinum
Kría	8		x	Sátu á kampinum

Niðri í fjörunni fyrir neðan kampinn sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Stökkönd	1		x	Bliki yst í fjörunni
Tjaldur	1	x	x	
Sendlingur	6		x	
Lóupræll	13		x	
Stelkur	2	x	x	

Þaragarðar eru fæðuuppspretta fyrir nokkrar tegundir fugla bæði spörfugla, vaðfugla og æðarfugls með unga, ef þeir skaðast ekki helst líka fjöruheildin betur og þar með yfirbragð vikurinnar.

Svæði 3. Stika: 12400 – 13000.Við Laugaból.

Fyrir neðan Laugaból liggur núverandi vegur með sjónum en mun færast innar. Fuglalífið var mest fyrir neðan núverandi veg.

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Æðarfugl	3		x	Blikar
Tjaldur	2	x		
Sandlóa	2	x		
Stelkur	2	x		
Kría	3		x	
Mariuerla	2	x		

Volgar tjarnir fyrir neðan Laugaból

Rétt fyrir neðan núverandi veg, á milli stika 12700 – 12800, eru grunnir pollar eða smátjarnir. Í þessar tjarnir rennur volgur smálækur úr uppsprettu nokkru fyrir ofan veg og tjarnirnar því volgar.

Um er að ræða tvær litlar (nokkrir metrar á kant) og grunnar (20 – 40 sm) tjarnir með miklu af gróðri (Slý (cf. *Cladophora*), lónasóley, hrosanál). Þessar tjarnir hafa verið þarna lengi (Jón Guðjónsson vissi ekki hvað lengi. munnl. uppl.).

Volgur lækur rennur í aðra þeirra og síðan í gegn um smá mýri yfir í hina. Vegna þess að lækurinn rennur úr fyrri tjörninni á svipuðum stað og hann rennur úr henni, er hún sú kaldari. Hiti í læknum var 26,6 stig en hiti í tjörnunum frá 16.3 – 25.6 eftir því hvað áhrifa lækjarins gætti mikið. Þar sem tjarnirnar eru litlar er hitinn væntanlega mjög breytilegur. Sýrustig var hátt (Ph = 8.9 – 9.2)

Tekin voru sýni í tjörnunum og sigtuð með 250 möskva. Síðan var leitað í sýnunum til að fá hugmyndir um helstu dýrahópa sem þar væri að finna, enn ekki unnið magnbundið.

Tegund (safnhópur)	Latneskt heiti	Athugasemdir
Þráðormar	Nematoda	
Vatnabobbi	<i>Lymnea peregre</i>	Mikið
Árfætlur	Copepoda	
Maurar	Acarina	
Rykmýslirfur	<i>Microsectra</i> sp.	
	<i>Cricotopus sylvestris</i>	
Ránmý	Tanipodinae	
Hornsíli	<i>Gasterosteus aculeatus</i>	Mikið

Hornsíli og vatnabobbi voru áberandi, en annars var þéttni dýra lítil. Rykmýslirfurnar hafa fundist í volgrum annarsstaðar, en tegundasamsetning í volgrum er illa þekkt (Jón S. Ólafsson munnl. uppl.).

Tjarnirnar ættu ekki að skaðast af fyrirhugaðri veglínu, en það er nauðsynlegt að vara framkvæmdaaðila sérstaklega við þeim því þær láta mjög lítið yfir sér. Það verður líka að fara mjög varlega þegar rörið er sett í lækinn til að tjarnirnar fyllist ekki af drullu.

Við volgu tjarnirnar halda til 40-50 endur á hverjum vetri, mest straumendur (Jón Guðjónsson, munnl. uppl.). Það er líka volg tjörn inn með Múlaá og þar er líka mikið um endur á veturnum oft komnar þangað í mars (Ástþór Ágústson, munnl. uppl.).

Svæði 4. Stika: 13200-13500

Ísaltar tjarnir fyrir innan Laugaból og umhverfi þeirra

Nokkrar tjarnir eru rétt fyrir innan Laugaból. Tjarnirnar eru grunnar 15-40 cm, möl í botninum með leðju. Sjór flæðir inn í tjarnirnar í stórum straumi og þær eru því ísaltar (leiðni 2 sept 3.6 ms), en seltan er væntanlega breytileg.

Fuglar sem sást á tjörnunum og við þær

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Stökkönd	4	x	x	2 pör
Æðarfugl	3		x	2 blikar og kolla
Hávella	1		x	Bliki
Tjaldur	2	x		Par með egg
Sandlóa	2	x		Par
Heiðlóa	2		x	
Sendlingur	30		x	
Louþræll	5		x	
Spói	1		x	
Stelkur	7	x	x	
Óðinshani	1		x	Annar fugl fannst ekki
Hettumáfur	9	x		Þar af 5 á hreiðri
Kría	43		x	Þar af 31 á hreiðri

Við tjarnirnar er fjölbreytt fuglalíf. Sérstaklega er áberandi kríu- og hettumáfsvarp. Vaðfuglar nýta sér tjarnirnar til fæðuleitar, sérstaklega á flóði þegar fjaran í vikinni við tjarnirnar er ekki aðgengileg.

Stór hópur af rauðbrystingum sást í vikinni við tjarnirnar um Hvítasunnunna, jafnvel hundruð (Jón Guðjónsson, munnl. uppl.).

Þau svæði sem umferðarfuglar stoppa mest á eru utar í Ísafirði (Nauteyri) og yst í Mjóafirði (t.d. Þernuvík). (Arnþór Garðarson o.fl. 1980; Guðmundur Jakobsson munnl. uppl.).

Smádyralíf í tjörnum fyrir innan Laugaból

Botn tjarnanna er mól og hnullungar með þunnu leirlagi. Tjarnirnar eru grunnar og mjög svipaðar að dýpt. Gróður er fyrst og fremst þörungar. Umhverfi tjarnanna er flatt með einsleitum gróðri og bakkar brattir og ekki háir.

Tekin voru tvönnskonar sýni. Annarsvegar voru teknir steinar við ströndina og dýr hreinsuð af þeim og hinsvegar var tekin sýni með botngreip lengra frá landi. Sýnin voru sigtuð með möskvastærð 250 μm .

Tekin voru þrjú sýni úr hvoru umhverfi en aðeins unnið úr einu úr hvoru umhverfi. Öll sýnin eru geymd og ef ástæða þykir til að fá nákvæmari tölur um þéttni dýra er hægt að vinna úr öllum sýnunum.

Tegundir sem fundust í tjörnunum. Annarsvegar á steinum við ströndina og hins vegar í leðjuskotinni mól í miðri tjörn. Fjöldi á m^2 .

Tegundasamsetningin er eins og við má búast í ísöltum tjörnum. Það mætti búast við að þar væru hornsíli en engin sáust (Agnar Ingólfsson munnl. uppl., Jón S. Ólafsson gr. lírfurnar).

Tegund (safnhópur)	Latneskt heiti	Steinn	Leðja
Þráðormar	Nematoda		9753
Ánar	Oligochaeta		15431
Árfætlur	Copepoda		27931
Marflær	Amphipoda (ungv)	104	183
Fjörufló	<i>Gammarus duebeni</i>	485	
Maurar	Acarrina	1316	3708
Rykmýslirfur	<i>Chironomus type halophilus</i>		641
Fjörurykmý	<i>Halocladus sp.</i>	2667	30817

Fyrirhuguð veglína liggur milli tjarnanna og sjávar og sker af tjörnunum, þannig að flatarmál þeirra minnar og sumir bakkar hverfa.

Þar sem vegurinn liggur á milli tjarnanna og sjávar dregur hann úr áhrifum sjávar, en það er væntanlega hægt að halda þeim áhrifum með því að setja nægilega stór rör í flóðrásina.

Vegur á milli tjarnanna og sjávar hindrar líka ferðir fugla á milli tjarnanna og fjörunnar.

Sú hugmynd hefur komið upp hvort hægt sé að “hliðra” tjörnum til að minna áhrif vegagerðarinnar.

Eins og sést á lýsingunni eru tjarnirnar reglulegar og umhverfið einsleitt. Það er líklegt að ef nýir angar væru grafnir við tjarnirnar þá mundu þeir fljótlega verða svipaðir í útliti og þær tjarnir, sem fyrir eru. Vistkerfi tjarnanna yrði líklega mjög svipað á tiltölulega stuttum tíma, en erfitt að gera nákvæma ágiskun.

Það er því hugsanlegt að “hliðra” tjörnum, ef greiður samgangur er á milli og nýir angar falla inni flæðilínuna. Slíkar aðgerðir yrði þó að hanna vandlega til að tryggja að skaðinn ykist ekki frekar en minnaði.

Engin skörp skil eru milli svæða 4 og 5 ástæðan fyrir skiptingunni er fyrst og fremst að reyna að meta áhrif tjarnanna sérstaklega.

Svæði 5. Stika: 13500 – 13900

Múlaársandur

Möl með flákum af grasi og mosa

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Tjaldur	7	x		
Sandlóa	2	x		Par
Heiðlóa	1	x		
Lóupræll	2	x		Par
Spói			x	
Stelkur	2	x		
Hettumáfur	5	x	x	Á flugi
Kría	56	x		15 á hreiðri í veglínunni hinar á flugi

Þarna hefur verið kjóavarp, en kjói sést ekki núna (Ástþór Ágústsson, munnl. uppl.). Kríuvarp er dreyft um allan sandinn alveg upp að núverandi brú. Þegar ofar dregur á sandinn fækkar tjaldi en heiðlóum fjölgar.

Þar sem kríuvarpið er dreift um allan sandinn er erfitt að sjá að ein veglína sé betri en önnur. Sama er að segja um aðra fugla, nema hvað tjaldur var mest í og fyrir framan veglínuna. Áhrif á umhverfið eru aðallega svæðið sem fer undir veginn. Áhrif á fuglalíf verða sennilega ekki mikil þar sem gera má ráð fyrir að varpið færist til.

Svæði 6. Stika: 13900-14100

Múlaárós

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Grágæs	13		x	51 í ágúst
Stökkönd	2		x	
Æðarfugl	19		x	
Svartbakur	10		x	
Hvítmáfur	50		x	
Kría	70+	x	x	Bæði varp og sitjandi við ána

Í ósnum er mikið af gæs og álft á haustin (Ástþór Ágústsson, munnl. uppl.). Í lok ágúst var þar hópur af gæsum (51).

Í ósnum er fyrst og fremst hvíldarsvæði og ekki verður séð að vegalagning breyti miklu, en milli árinna og túnsins er kríuvarp, en það er utan veglínu.

INNRI HLUTI**Svæði 7. Stika: 20800-21300.**Við Gervidalsá

Sandur, mosi og lyngmóar

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Grágæs	2		x	
Straumönd	3		x	
Sandlóa	4	x		2 pör
Stelkur	5	x	x	1 hávært par
Þúfutitlingur	4+	x		
Skógarþröstur	2	x		
Kría	15+	x		10+ hreiður

Mikið var af kríu á staðnum en aðalvarpið langt fyrir neðan veg.

Á áreyrunum var stór hópur af máfum, mest hvítmáfur en líka svartbakur, hettumáfur og nokkrir sílamáfar. Þar var einnig stór hópur af kríum.

Þar sem aðal kríuvarpið er ekki nálægt veginum verða áhrif á kríu lítil. Aðrar fuglategundir eru dreifðar um svæðið. Áhrif nýrrarr veglínu eru sennilega mest tímabundin truflun við lagningu vegarins.

Það má benda á það að hólkar í ár séu settir þannig að þeir trufla sem minnst eðlilegt rennsli í ánni.

Svæði 8. Stika: 21300-22100.Innst í Ísafirði

Veglínan verður á svipuðum slóðum og núverandi veglína. Með því helst heildaryfirbragð fjörunnar og nánasta umhverfis, en það er fjölbreytt á þessum stað.

Fuglar sem sáust:

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Hrossagaukur	2	x		
Þúfutitlingur	8	x		Syngjandi
Skógarþröstur	1	x		Söng

Í fjörunni voru

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Æðarfugl	2		x	
Sendlingur	9		x	
Stelkur	3+		x	
Kjóí	1		x	Flaug með ströndinni
kriúr	4+		x	

Svæði 9. Stika:

Botn Ísafjarðar.

Veglínan fylgir að mestu línu þar sem sjór hefur farið hæst, sem sást á því að þar voru þurrar þangtægjur. Heildaryfirbragð fjarðarbotnsins helst því mjög vel. Veglínan liggur yfir mela, grasi gróna mela og lyngmóa.

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Tjaldur	2	x		Par
Sandlóa	8	x		Fjögur pör
Þúfutilingur,	3+	x		3 pör +
Skógarþröstur	5	x		

Svæði 10. Stika: 22100 - 23000

Ós Ísafjarðarár og fjörur í botninum.

Veglínan fer yfir fjöruna sitthvoru megin í botni Ísafjarðar. Fjaran er líflítill sandfjara og svæðið sem skemmist er lítið. Reknir þarabrúskar voru mest skúfapang, en líka klóþang. Í botni Ísafjarðar eru malarleirur. Þær virðast líflitlar, nema stöku kræklingur og dreif af skúfapangi (Agnar Ingólfsson 1984).

Fuglar sem sáust

Tegund	Fjöldi	Líkl. varpf.	Í fæðul./hvíld	Athugasemdir
Grágæs	1		x	með 5 litla unga
Straumönd	46		x	Tveir hópar
Sendlingur	19		x	Tveir hópar
Stelkur	1		x	Í fæðuleit í þaragörðum
Skógarþröstur			x	Par í fæðuleit í þaragörðunum

Í lok maí 1979 sáust 128 vaðfuglar í innanverðum Ísafirði, mest heiðlóur (40) og stelkar (40). Mikið sást af gulönd (21) og straumönd (190). Straumöndin var mest neðst á Múlaá og Bólsá (34). Í byrjun ágúst 1979 sáust 67 vaðfuglar og um 1800 æðarfuglar og 138 toppendur (Arnþór Garðarson o.fl. 1980).

Staða varpfugla í Ísafirði

Í miðhluta Ísafjarðar (reitur 3440) og í innanverðum Ísafirði og Mjóafirði (reitur 3340), eftir 10 x 10 km reitakerfi Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Að mestu leyti byggt á athugunum Jóns Halls Jóhannssonar og Bjarkar Guðjónsdóttur. Athuganir 1998 hafa ekki verið færðar inn. Staða þekkingar er góð. (skv. gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands, 24. ágúst 1998, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, bréfl. uppl.)

Skýringar: 0: ekki vitað um varp, 1: staðfest varp, 2: líklegt varp, 3: hugsanlegt varp, 4: gamalt/ óreglulegt varp, 5: tegund gæti orpið.

Tegund	Latneskt heiti	Staða		Fuglar sem sáust		
		Reitur	3440	3340	Ytri hl.	Innri hl.
Lómur	<i>Gavia stellata</i>		5	5		
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>		1	1		
Grágæs	<i>Anser anser</i>		1	1	x	x
Rauðhöfðaönd	<i>Anas penelope</i>		1	0		
Urtönd	<i>Anas crecca</i>		3	5		
Stökkönd	<i>Anas platyrhynchos</i>		1	3	x	
Duggönd	<i>Aythya marila</i>		5	0		
Æðarfugl	<i>Somateria mollisima</i>		1	5	x	x
Straumönd	<i>Histrionicus histrionicus</i>		3	1		x
Hávella	<i>Clangula hyemalis</i>		3	2	x	
Toppönd	<i>Mergus serrator</i>		3	3		
Gulönd	<i>Mergus merganser</i>		1	3		
Smyrill	<i>Falco columbarius</i>		4	2		
Rjúpa	<i>Lagopus mutus</i>		2	1		
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>		1	1	x	x
Sandlóa	<i>Charadrius hiaticula</i>		2	1	x	x
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>		1	2	x	
Sendlingur	<i>Calidris maritima</i>		2	2	x	x
Lóuþræll	<i>Calidris alpina</i>		1	3	x	
Hrossagaukur	<i>Galinago galinago</i>		1	1		x
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>		2	2	x	
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>		1	1	x	x
Óðinshani	<i>Phalaropus obatus</i>		1	2	x	
Kjói	<i>Stercorarius parasiticus</i>		1	5		x
Hettumáfur	<i>Larus ridibundus</i>		1	0	x	
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>		1	0		x
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>		1	1	x	x
Hvítmáfur	<i>Larus hyperboreus</i>		0	0	x	x
Kría	<i>Sterna paradisaea</i>		1	1	x	x
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>		1	1	x	x
Mariuerla	<i>Motacilla alba</i>		1	1	x	
Músarrindill	<i>Troglodytes troglodytes</i>		1	1		
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>		1	2		
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>		1	1	x	x
Hrafn	<i>Corvus corax</i>		1	1		
Auðnutittlingur	<i>Carduelis flammea</i>		5	3		
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>		1	1		

UMRÆÐUR

Þeir fuglar sem sáust í könnuninni eru allt algengir fuglar hér á landi. Flestar tegundirnar eru þekktir varpfuglar á svæðinu og dreifðar yfir allt svæðið (sjá töflu yfir stöðu varpfugla. Sú röskun sem verður á búsvæðum fugla á er yfirleitt bara það svæði sem fer undir veginn og svo tímabundi röskun vegna vegalagningarinnar. Í flestum tilfellum er ekki líklegt að breytingin á veglínunni hafi í för með sér langvarandi áhrif á fuglalíf.

Fjörusvæði sem skaðast við breytinguna eru lítil og eingöngu efsti hluti fjörunnar.

Flestar tegundirnar sem sáust nýta sér fjöruna eru þekktir varpfuglar á svæðinu, en á nokkrum stöðum sáust sendlingar sem ekki er víst að verpi þarna. Fjöldi sendlinga er sennilega vanmetinn, en sennilega eru það mest vestfirskir varpfuglar, sem eru svona innarlega í firðinum. Þau svæði sem sendlingur sást á skaðast lítið.

Það er vitað að rauðbrystingahópar koma á svæðið en það virðist ekki vera algengt. Þau svæði sem umferðarfuglar stoppa mest á, eru utar Ísafirði (Nauteyri) og yst í Mjóafirði (t.d. Þernuvík). (Arnhjór Garðarson o.fl. 1980; Guðmundur Jakobsson munnl. uppl.).

Eina svæðið þar sem verður veruleg röskun á búsvæðum fugla vegna breyttrar veglína er við Laugaból. Sérstaklega er það svæði með ísöltum tjörnum rétt við sjóinn, yst á Múlársandi (svæði 4). Þetta svæði sker sig úr hvað fjölbreyttni varðar. Sjór flæðir inn í tjarnirnar í stórum straumi. Hann flæðir ekki beint yfir kampinn, þó að þar komi sjálfsagt sjór í miklu brimi, heldur flæðir hann yfir sandinn inn í tjarnirnar hverja af annari.

Fyrirhuguð veglína liggur á milli tjarnanna og sjávar og minnar þannig áhrif sjávar. Hún sker af vík við tjarnirnar og fer yfir tjarnirnar að hluta. Við það minnar fæðusvæði fugla í tjörnunum og einnig varpsvæði í kringum þær. Auk þess sker fyrirhuguð lína svæðið í sundur.

Tegundasamsetningin í tjörnunum venjuleg miðað við ísaltar tjarnir. Það er væntanlega hægt að halda sjávaráhrifum svipuðum í tjörnunum með því að setja nægilega stór rör í flæðilínuna.

Í heildina séð er þetta skemmtilegt búsvæði en það er ekki einstakt. Það er þó full ástæða til að umgangast það með varúð og raska því eins lítið og hægt er og miða við að vegaf framkvæmdir séu utan varptíma.

Heimildir

Agnar Ingólfsson 1984. Athuganir á leirum Skutulsfjarðar og annara fjarða við Ísafjarðardjúp. Skýrsla til Ísafjarðarbæjar.

Arnhjór Garðarson, Ólafur Karl Nielsen og Agnar Ingólfsson 1980. Rannsóknir á fjörum í Önundarfirði og víðar á vestfjörðum 1979: Fuglar og fjörur (Athuganir 25. maí og 8. ágúst 1979). Fjölrit nr 12, Líffræðistofnun Háskólans.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson. 1998. Bréfflegar upplýsingar úr gagnagrunni Náttúrufræðistofnunar Íslands.